

Ákvæði til bráðabirgða.

Ekki er heimilt að hefja framkvæmdir við stækkun verksmiðjunnar í 40 þús. tonna afköst fyrr en Alþingi hefur heimilað byggingarframkvæmdir með þingsályktun. Þó er heimilt að ljúka hönnun, bora gufuholu og setja upp gufuhverfil til rafmagnsframleiðslu.

Gjört i Reykjavík 4. júní 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Hjörleifur Guttormsson.

L Ö G

um kerfisbundna skráningu á upplýsingum, er varða einkamálefni.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI**Gildissvið laganna.****1. gr.**

Lög þessi taka til hvers konar kerfisbundinnar skráningar á upplýsingum varðandi einkamálefni einstaklinga, svo og fjárhagsmálefni einstaklinga, stofnana, fyrirtækja eða annarra lögpersóna, sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari. Löggin taka bæði til skráningar af hálfu atvinnurekenda, fyrirtækja, félaga og stofnana og til skráningar á vegum opinberra aðila. Með kerfisbundinni skráningu upplýsinga er átt við söfnun og skráningu ákveðinna og afmarkaðra upplýsinga í skipulagsbundna heild.

Ákvæði laganna eiga við um upplýsingar um einkamálefni, er varða tiltekinn aðila, þótt hann sé ekki nafngreindur, ef hann er sérgreindur með nafnnúmeri eða skráningarauðkenni, sem unnt er að persónugreina fyrir þá, sem búa yfir greiningarlykli.

2. gr.

Æviskrárritun samkvæmt lögum nr. 30/1956 fellur utan marka laga þessara, svo og skráning í þágu ættfræðirannsóknna og æviskrárrita.

II. KAFLI**Heimild til skráningar.****3. gr.**

Kerfisbundin skráning upplýsinga, er 1. gr. tekur til, er því aðeins heimil að slík skráning sé eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila og taki einungis til þeirra, er tengjast starfi hans eða verksviði, svo sem viðskiptamanna, starfsmanna eða félagsmanna.

4. gr.

Óheimilt er að skrá upplýsingar, er varða þjóðflokk manna, kynþátt og litarhátt, svo og skoðanir þeirra á stjórnámálum eða einstökum stjórnámálalegum efnum og á trúmálum, nema sérstök lagaheimild standi til þess. Skráning er þó heimil, ef hinn skráði hefur látið í té upplýsingar eða þeirra er aflað með samþykki hans og við þær aðstæður, að honum getur eigi dulist, að ætlunin er að skrá þær með þeim hætti, er greinir í 3. gr. Það er enn fremur skilyrði, að aðila sé brýn nauðsyn vegna starfsemi sinnar að skrá upplýsingarnar.

Ákvæði 1. málsg. eiga einnig við um upplýsingar varðandi brotaferil manna, kynlíf þeirra og heilsuhagi, notkun þeirra á áfengi og öðrum vímuefnum og svipuð einkalífsmáttíð. Opinberum aðilum, þ. á m. læknum og sjúkrahúsum, er þó heimil skráning án vitundar eða samþykkis hins skráða, standi til þess sérstök lagaheimild eða skráning sé ótvírætt nauðsynleg vegna notagildis skráanna, sbr. 3. gr.

5. gr.

Söfnun og skráning upplýsinga, sem varða fjárhag manna og lögpersóna eða lánstraust, er óheimil án starfsleyfis er tölvunefnd veitir, enda sé ætlunin að veita öðrum fræðslu um þau efni.

Eigi er heimilt að færa í skrá samkvæmt 1. málsg. aðrar upplýsingar en nafn manns eða fyrirtækis, heimilisfang, nafnnúmer eða fyrirtækjanúmer, stöðu, atvinnu og upplýsingar, sem tiltækilegar eru á opinberum skrá, án þess að skýra viðkomandi frá. Ef önnur atriði eru tekin á skrá ber aðila að skýra viðkomandi, sem greindur er í fyrsta skipti á skrá, frá því innan fjögurra vikna frá skráningu og gera honum grein fyrir heimild hans til að fá skýrslu um efni skráningar, sbr. 11. gr.

Upplýsingar um fjárhag og atriði, er varða mat á lánstrausti, má aðeins láta öðrum í té bréflega. Þegar fastir viðskiptamenn eiga í hlut, má þó veita upplýsingar munnlega, en nafn og heimilisfang fyrirsþyrjanda skal þá skráð og gögn um það varðveitt í a. m. k. 6 mánuði.

Skriflegar upplýsingar, sem veittar eru samkvæmt 3. málsg., skulu vera dagsettar og eðlilegs fyrningartíma þeirra getið.

6. gr.

Eigi er heimilt að tengja saman skrár, er falla undir ákvæði laga þessara, nema um sé að ræða skrár sama skráningaraðila. Með sama skráningaraðila er hér átt við sama fyrirtæki, félag eða stofnun hins opinbera. Með samtengingu skráa er hér jafnt átt við vélræna sem og handunna færslu upplýsinga milli skráa.

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsg. er heimilt að tengja við skrá upplýsingar um nafn, nafnnúmer, fyrirtækjanúmer, svo og heimilisfang eða aðsetur, enda þótt slíkar upplýsingar séu sóttar í skrá annars aðila.

Tölvunefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1. málsg. þegar sýnt er fram á að brýna nauðsyn beri til, sbr. 3. gr. og 4. málsg. 16. gr.

III. KAFLI

Skráning upplýsinga og varðveisla þeirra.

7. gr.

Beita skal virkum ráðstöfunum, er komi í veg fyrir að upplýsingar séu misnotaðar eða komist til óviðkomandi manna.

Afmá skal skráðar upplýsingar, sem vegna aldurs eða af öðrum ástæðum hafa glatað gildi sínu, miðað við það hlutverk, sem skrá er ætlað að gegna. Skrár, sem

sífelldu eru í notkun, skulu geyma upplýsingar, sem á hverjum tíma eru réttar, en úreltar upplýsingar skal afmá.

Tölvunefnd getur leyft að afrit eða útskriftir úr skráum verði varðveittar í Þjóðskjalasafni eða öðrum skjalasöfnum með nánar ákveðnum skilmálum.

8. gr.

Nú hafa upplýsingar eða mat varðandi fjárhag og lánstraust verið látnar í té til annarra og þær reynast rangar eða villandi. Er ábyrgum aðila samkv. 5. gr. þá skylt að senda án tafar öllum þeim, sem fengið hafa slíkar upplýsingar frá honum síðustu 6 mánuði, svo og hinum skráða, skriflega leiðréttingu. Hinn skráði skal og fá í hendur greinargerð frá aðila um, hverjum leiðréttingar hafi verið sendar.

9. gr.

Nú geyma tiltekna skrár upplýsingar, sem líklegt þykir, að muni hafa notagildi fyrir erlend ríki, og skal þá koma við öryggisráðstöfunum, sem gera kleift að eyðileggja skrár án tafar, ef stýrjöld brýst út eða uggvænt þykir, að til stýrjaldarátaka komi.

IV. KAFLI

Um rétt skráðra aðila.

10. gr.

Nú telur aðili að upplýsingar um einkamálefni hans séu færðar í tiltekna skrá. Getur hann þá óskað þess við þann, sem ábyrgur er fyrir skráningu, að honum sé skýrt frá efni upplýsinganna. Er skylt að verða við þeim tilmælum án ástæðulausrar tafar.

Nú telur maður, að upplýsingar um hagi sína séu ritaðar í sjúkraála eða önnur sjúkraregistor eða sjúkraskrár, og vill hann fá vitneskju um efni þeirra. Skal hann þá óska þess við heimilislækni sinn, eða annan þann lækni, sem fjallað hefur um heilsuhagi hans, að hann leiti eftir upplýsingum þessum frá þeim, sem ábyrgur er fyrir skráningu. Þessi aðili skýrir læknum frá upplýsingunum, svo að honum sé kleift að koma þeim á framfæri við viðkomanda.

Ákvæði 1. málsg. gildir ekki, ef hagsmunir hins skráða af því að fá vitneskju um efni upplýsinga þykja eiga að víkja að nokkru eða öllu fyrir ótvíræðum almenningshagsmunum eða öðrum veigamiklum einkahagsmunum. Ef svo er háttáð um nokkurn hluta upplýsinga, en eigi aðra hluta þeirra, þá skal beiðanda veitt vitneskja um þá hluta, sem eigi þykir varhugavert að skýra frá.

Tölvunefnd getur ákveðið, að skrár séu þegar undan ákvæðum þessum, ef ætla má, að sérregla 3. málsg. muni hafa í för með sér, að tilmælum um upplýsingar úr slíkum skráum verði almennt hafnað.

11. gr.

Nú telur aðili að upplýsingar um hann séu skráðar samkvæmt 5. gr. og er þá skráningaraðila skylt að beiðni hans að skýra honum frá efni þeirra upplýsinga og þess mats, sem aðilinn hefur látið frá sér fara til annarra á síðustu 6 mánuðum varðandi hagi beiðanda. Aðilanum er einnig skylt að greina hinum skráða frá því, hverjar upplýsingar eru skráðar um hagi hans, þar með talið mat á fjárhag hans.

Nú hefur aðili samkv. 5. gr. í vörslum sínum frekari gögn um skráðan mann eða stofnun en þau, sem beiðni lýtur að, og er honum þá skylt að gera beiðanda grein fyrir þeim.

Hinn skráði aðili á eigi kröfu til þess, að honum sé skýrt frá því, hvaðan upplýsingarnar stafa.

12. gr.

Nú óskar sá, sem tekinn hefur verið á skrá samkv. 5. gr., að skráningaraðili afmái eða leiðrétti atriði, er varða fjárhag hans eða mat á lánstrausti hans, og er honum þá skylt að svara því án ástæðulausrar tafar og í síðasta lagi innan 4 vikna frá því, að tilmæli bárust.

Nú synjar aðili, sem er ábyrgur fyrir skráningu, tilmælum samkv. 1. málsg. og getur hinn skráði þá innan 4 vikna frá móttöku svars eða innan 4 vikna frá lokum svarafrests samkv. 1. málsg. óskað eftir því við tölvunefnd, að hún skeri úr um kröfu um afmáingu upplýsinga eða leiðréttingu þeirra. Ákvæði 8. gr. eiga við, ef fallist er á kröfuna.

13. gr.

Nú telur skráður aðili, að upplýsingar um hann í skrá, er lög þessi taka til, séu efnislega rangar eða villandi, og getur hann þá krafist þess, að sá, sem ábyrgur er fyrir skráningu, færi þær í rétt horf eða afmái þær.

Nú telur maður eða fyrirsvarsmaður félags, fyrirtækis eða stofnunar, að nafn hans eða félags o. s. frv. sé fært á skrá, sem notuð er til útsendingar dreifibréfa, tilkynninga, auglýsinga eða áróðurs, og getur hann þá óskað þess, að nafnið sé afmáð af viðkomandi skrá, og er þá skylt að verða við því.

Nú neitar sá, sem ábyrgur er fyrir skrá, að fallast á kröfu samkv. 1. eða 2. málsg. eða hefur eigi svarað slíkri kröfu innan 4 vikna, og getur aðili þá krafist þess, að tölvunefnd kveði á um, hvort kröfu um afmáingu upplýsinga eða leiðréttingu þeirra beri að taka til greina.

Nú fellst tölvunefnd á kröfu manns um leiðréttingu eða afmáingu, og leggur hún þá fyrir skráningaraðila að leiðrétta upplýsingar eða afmá þær.

14. gr.

Nú rís ágreiningur eða vafamál vakna í sambandi við heimild manna til að fá upplýsingar samkvæmt 1. málsg. 10. gr. eða 11. gr., og má þá leggja málið fyrir tölvunefnd til úrlausnar.

15. gr.

Heimilt er skráningaraðila að krefjast sanngjarns gjalds fyrir veitingu upplýsinga samkvæmt 1. málsg. 10. gr. eða 11. gr.

Tölvunefnd getur sett ákvæði um hámarksgjald í þessu sambandi.

V. KAFLI**Upplýsingar látnar í té öðrum en hinum skráða.****16. gr.**

Eigi má skýra frá upplýsingum úr skrá, er lög þessi taka til, nema með samþykki hins skráða aðila eða skráðra upplýsinga hafi verið aflað með vitund þess skráða og á þann hátt, að honum gat ekki dulist að ætlunin væri að veita öðrum aðgang að upplýsingunum, enda falli slík upplýsingamiðlun undir eðlilega starfsemi skráningaraðilans.

Heimilt er að skýra frá upplýsingum, ef ekki er unnt að rekja þær til ákveðinna einstaklinga eða lögpersóna.

Um miðlun upplýsinga úr skrá, er falla undir 1. málsg. 5. gr., gilda ákvæði þeirrar greinar. Enn fremur skal virða ákvæði 3. málsg. 10. gr. Þá skerði ákvæði 1. málsg. ekki ákvæði 3. málsg. 7. gr.

Heimilt er að skýra frá upplýsingum, sbr. 1. málsg., leiði slíkt af öðrum lögum eða stjórnvaldsreglum. Enn fremur er heimilt að veita stjórnvaldsstofnun upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eðlilegrar starfsemi stofnunarinnar. Ekki má þó láta í té upplýsingar, sem sérstök þagnarskylda hvílir á samkv. lögum eða stjórnvaldsreglum.

17. gr.

Heimilt er að veita lækni eða tannlækni, sem hefur mann til læknismeðferðar, upplýsingar úr sjúkraál sjúkrahúss eða öðrum sjúklingaskráum þess varðandi mann þennan. Upplýsingar geta einnig, þegar lækni á í hlut, tekið til annarra manna, einkum vandamanna viðkomandi manns, þegar slíkt er talið skipta máli vegna læknismeðferðar á hinum skráða manni.

18. gr.

Nú er sýnt fram á af hálfu einstaklings, fyrirtækis, félags eða stofnunar, að þessum aðilum sé þörf á tilteknum skráðum upplýsingum vegna ákveðins dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja, og er þá heimilt að láta í té upplýsingar til þess, sem lagahagsmuni hefur af upplýsingum, enda sé ótvírætt, að þörfin á að fá þær vegi þyngra en tillitið til þess, að upplýsingum sé haldið leyndum. Þetta á þó ekki við um upplýsingar, sem þagnarskylda ríkir um samkvæmt sérstökum lagaákvæðum eða stjórnvaldsreglum.

VI. KAFLI

Um tölvuþjónustu.

19. gr.

Einstaklingum, fyrirtækjum eða stofnunum, sem annast tölvuþjónustu fyrir aðra aðila, er óheimilt að varðveita eða vinna úr upplýsingum um einkamálefni sem falla undir sérákvæði 4. gr., eða 5. gr., eða undanþáguákvæði 3. málsg. 6. gr., nema hafa til þess starfsleyfi er tölvunefnd veitir.

Með tölvuþjónustu er átt við sérhvern starfsþátt í sjálfvirkri gagnavinnslu með tölvutækni.

Aðili samkvæmt 1. málsg. má ekki án samþykkis verkbeiðanda nota upplýsingar, sem hann fær í sambandi við framkvæmd umbeðins verks, í öðru skyni en til að leysa það sérstaka verkefni, sem verkbeiðni lýtur að. Er honum óheimilt að varðveita gögn um þær hjá öðrum eða láta þær öðrum í hendur. Þegar sérstaklega stendur á, svo sem vegna skyndilegrar bilunar á tölvubúnaði, er aðila þó heimilt að láta framkvæma tölvuvinnslu hjá öðrum, enda þótt síðargreindi aðilinn hafi ekki starfsleyfi til slíkrar vinnslu. Gögnin og vinnsla þeirra skulu þó eftir sem áður vera á ábyrgð þess, sem upphaflega tók að sér verkið, að því er varðar ákvæði laga þessara.

20. gr.

Starfsmenn við tölvuþjónustufyrirtæki samkvæmt 19. gr. eru þagnarskyldir um þau atriði, sem þeir komast að við störf sín, og skulu undirrita þagnarheit, áður en þeir taka til starfa.

Nú vinnur tölvuþjónustufyrirtæki, sem ekki er rekið af opinberum aðila, að verkefnum fyrir slíka aðila, og eru starfsmenn þess þá þagnarskyldir um þau atriði, sem þeir komast að við framkvæmd verkefnisins, með sama hætti og þeir opinberu starfsmenn, sem unnið hafa að því. Brot starfsmanns á þagnarskyldu varðar, þegar svona stendur á, refsingu samkvæmt 136. gr. almennra hegningarlaga.

VII. KAFLI

Söfnun upplýsinga hér á landi til tölvuúrvinnslu erlendis.

21. gr.

Kerfisbundin söfnun og skráning upplýsinga um einkamálefni til geymslu eða úrvinnslu erlendis er óheimil. Tölvunefnd getur þó heimilað hana, ef sérstaklega hagar til.

Skrá eða frumgögn, sem geyma upplýsingar þær, er greinir í 4. gr., má eigi láta af hendi til geymslu eða úrvinnslu erlendis, nema samþykki tölvunefndar komi til.

Leyfi samkv. 1. og 2. málsg. má því aðeins veita, að tölvunefnd telji, að afhending skráa eða gagna skerði ekki til muna vernd þá, sem löggin búa skráðum mönnum eða lögpersónum.

Dómsmálaráðherra getur, að fenginni umsögn tölvunefndar, ákveðið í reglugerð, að ákvæði 1. og 2. málsg. eigi ekki við um tiltekna skrár eða upplýsinga-svið eða að ákvæðin gildi ekki gagnvart ákveðnum löndum, ef þjóðréttarsamningar lúta að slíku eða tillit til alþjóðlegs samstarfs mælir með því.

VIII. KAFLI

Um eftirlit með lögum þessum.

22. gr.

Dómsmálaráðherra skal skipa 3 manna nefnd, sem kölluð er tölvunefnd í lögum þessum. Nefndin skal skipuð til 4 ára í senn. Formaður hennar skal vera lögfræðingur, sem fullnægir skilyrðum til að vera dómari. Einn nefndarmaður skal vera sérfróður um tölvu- og skráningarmálefni. Hann skal tilnefndur af Skýrslutæknifélagi Íslands. Varamenn eru skipaðir með sama hætti til fjögurra ára í senn, og skulu varamenn fullnægja sömu skilyrðum sem aðalmenn.

Starfsmaður dómsmálaráðuneytisins skal vera ritari nefndarinnar.

Tölvunefnd hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara og leysir úr ágreiningsefnum, svo sem greinir í lögum þessum.

23. gr.

Tölvunefnd veitir starfsleyfi samkvæmt 5. og 19. gr. og heimildir samkvæmt 3. málsg. 6. gr., 3. málsg. 7. gr. og 21. gr.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið eðlilegt gjald er greiða skal fyrir veitingu leyfa og heimilda samkvæmt 1. málsg.

24. gr.

Ákvæði þessarar greinar gilda um skráningarstarfsemi er fellur undir ákvæði 4. gr. eða 1. málsg. 5. gr.

Tölvunefnd getur lagt fyrir aðila að hætta skráningu eða láta ekki öðrum í té upplýsingar úr skráum sínum eða gögnum, enda gangi starfsemi'n í berhögð við ákvæði laga þessara að mati tölvunefndar, svo og að einstakar upplýsingar á skráum séu afmáðar eða skrár í heild sinni séu eyðilagðar.

Tölvunefnd getur enn fremur lagt fyrir ábyrgan skráningaraðila að afmá skráningu um einstök atriði eða leiðréttta hana, enda sé um atriði að ræða, sem annaðhvort er óheimilt að taka á skrá eða tölvunefnd telur röng eða villandi.

Tölvunefnd getur hannað að viðhafa nánar tiltekna aðferð við söfnun upplýsinga til tölvuúrvinnslu eða við að koma á framfæri upplýsingum til annarra, enda telji hún, að aðferð sú, sem viðhöfð er, hafi í för með sér verulega hættu á, að skráning

eða upplýsingamiðlun verði röng eða villandi, eða að um sé að ræða atriði, sem eigi má taka á skrá.

Tölvunefnd getur lagt fyrir aðila, sem ábyrgð ber á starfsemi, er lýtur lögnum, að koma við sérstökum úrræðum til tryggingar því, að eigi verði skráð atriði, sem óheimilt er að taka á skrá, eða miðlað verði upplýsingum um slík atriði. Hinu sama gegnir um atriði, sem eru röng eða villandi. Enn fremur er tölvunefnd rétt að krefjast þess af ábyrgum skráningaraðila, að hann hlutist til um ráðstafanir, sem komi í veg fyrir eða dragi úr hættu á, að skráðar upplýsingar verði misnotaðar eða komist til vitundar óviðkomandi mönnum.

25. gr.

Úrlausnir tölvunefndar verða eigi bornar undir aðrar stjórnvaldsstofnanir.

26. gr.

Tölvunefnd getur sett reglur um form og efni tilkynninga og umsókna samkvæmt lögum þessum.

Nú er tölvunefnd ætlað að veita samþykki til einstakra aðgerða samkvæmt lögum þessum, og er henni þá heimilt að binda samþykkið skilyrðum og tímabinda það.

27. gr.

Tölvunefnd skal árlega birta skýrslu um starfsemi sína. Í skýrslunni skal birta þau starfsleyfi, sem nefndin hefur veitt, reglur, sem hún hefur sett, og úrskurði, sem hún hefur kveðið upp. Í ársskýrslu tölvunefndar skal og greina frá þeirri starfsemi nefndarinnar annarri, er ætla má að almenningur láti sig varða eða hafi hagsmuni af að vita.

IX. KAFLI

Um refsingar og önnur viðurlög við brotum á lögnum.

28. gr.

Brot á 4.—6. gr., 8. gr., 11. gr., 1. málsg. og 2. málslið 2. málsg. 12. gr., 3. málsg. 13. gr., 1. málsg. 16. gr., 1. og 3. málsg. 19. gr., 1. málsg. 20. gr., svo og 1. og 2. málsg. 21. gr. varða sektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

Sömu refsingu varðar að vanrækja að fara eftir úrlausn tölvunefndar samkvæmt 2. málsg. 12. gr. og 4. málsg. 13. gr.

Sömu refsingu varðar enn fremur að virða ekki skilyrði, sem sett er fyrir leyfi til starfrækslu, er lýtur lögum þessum eða stjórnvaldsreglum, settum samkvæmt þeim, svo og að sinna ekki boði eða banni, sem uppi hefur verið haft samkvæmt lögum þessum eða stjórnvaldsreglum, settum samkvæmt þeim.

Nú er brot framið í starfsemi, sem hlutafélag, samvinnufélag eða annað atvinnufyrirtæki hefur með höndum, og má þá leggja sektarrefsingu á félagið sem slíkt.

29. gr.

Þann, sem rekur starfsemi eða tekur þátt í starfsemi, sem greind er í 5. eða 19. gr., án leyfis, má auk refsingar svipta rétti til starfrækslu þeirrar, sem hann hefur með höndum, enda gefi brot til kynna nærlæga hættu á misnotkun manns í sambandi við skráningarstarfsemi. Sama er um brot á 4. gr. Að öðru leyti eiga ákvæði 1. og 2. málsg. 68. gr. almennra hegningarlaga hér við.

Gera má upptæk með dómi tæki, sem stórfelld brot á lögum þessum eru framin með, svo og hagnað af broti, og eiga ákvæði 69. gr. alm. hegningarlaga hér við.

X. KAFLI

Gildistaka og lagaframkvæmd.

30. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1982 og falla úr gildi 31. desember 1985. Leita skal starfsleyfa samkvæmt 5. og 19. gr. og heimilda samkvæmt 3. málsg. 6. gr., 3. málsg. 7. gr. og 21. gr. vegna starfsemi, sem hafin er fyrir gildistöku laganna, innan 3 mánaða frá gildistöku.

Dómsmálaráðherra skal láta endurskoða löginn og leggja fram frumvarp þar að lútandi fyrir Alþingi í þingbyrjun haustið 1984.

31. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd laga þessara.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðjón Þórðarson.

2. júní 1981.

Nr. 64.

L Ö G

um atvinnuleysistryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Þeir félagar í stéttarfélögum, sem atvinnulausir verða, eiga rétt á bótum úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Stéttarfélög eru samtök manna, sem vinna í þjónustu annarra og taka laun fyrir vinnu sína, og hafa það meginverkefni að koma fram sem samningsaðili við atvinnurekendur um kaup og kjör félagsmanna sinna og fullnægja að öðru leyti reglum um stéttarfélög samkvæmt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur.

3. gr.

Ákvæði laga þessara taka ekki til félagsmanna í samtökum opinberra starfsmanna, lækna, lögfræðinga, endurskoðenda, verkfræðinga né annarra sambærilegra aðila.

4. gr.

Félagi í stéttarfélagi, sem auk þess að stunda vinnu hjá gjaldskyldum atvinnurekanda, sbr. 9. gr., stundar sjósókn á eigin fari, á rétt til bóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði, enda óski hann þess í skattframtali sínu og geri örugga grein fyrir tímalengd sjósóknar sinnar.